

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála.
Dagsetning: 26.10.2020
Málsnúmer: FJR20080031
Brefalykill: 3.5

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021 - þingskjal 5 - 5. mál 151. löggjafarþing 2020-2021.

Á fundi fulltrúa skrifstofu skattamála fjármála- og efnahagsráðuneytisins og efnahags- og viðskiptanefndar, þann 13. október sl., óskuðu nefndarmenn eftir skriflegu svari við nokkrum spurningum sínum. Eftirfarandi eru svör ráðuneytisins:

1. Í frumvarpinu er fjallað um að áætlaðar tólf mánaða breytingar á vísitölu neysluverðs yfir árið 2020 nemi 3,2% samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Í fjármálaáætlun kemur hins vegar fram að breytingar þessar nemi 2,7%. Svo virðist sem hlutföllin stangist á.

Samkvæmt hagspá Hagstofu Íslands er verðbólgan 3,2% yfir árið 2020, þ.e. 12 mánaða tímabilið frá upphafi til loka ársins 2020, en það er allajafna viðmiðunartímabilið fyrir uppfærslu krónutölugjalda. Hækkun krónutölugjalda er þó aðeins 2,5% vegna þess að beitt er 2,5% þaki til að stuðla að minni verðhækkunum og minni verðbólgu en ella. Verðbólgan á árinu 2020, sem vísar til hækkunar verðlags milli ársmeðaltala 2019 og 2020, er hins vegar 2,8% samkvæmt sömu hagspá.

2. Laun hækka um 5,2% á árinu 2021 en bætur almannatrygginga einungis um 3,6%. Hvers vegna?

Í 69. gr. laga um almannatryggingar segir:

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr. skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.“

Við mat á launaþróun hefur það verið vaninn að miða við meðalhækkunir í kjarasamningsbundnum hækkunum á almennum vinnumarkaði að teknu tilliti til þess hvenær þær taka gildi á árinu. Í sumum tilvikum hafa slíkir samningar falið í sér einfaldar og samræmdar prósentuhækkunir fyrir flestöll félög en í öðrum tilvikum hefur verið meiri breytileiki milli félaga og starfshópa og hefur þá þurft að afla frekari upplýsinga til að reikna meðalhækkunina á vinnumarkaðinum. Það hefur því ekki tíðkast að taka mið af vísitölu launa eða öðrum vísitölum varðandi launaþróunina enda innifelur launavísitala meðal annars launaskrið, t.d. vegna innbyggðra aldurshækkana eða framleiðni- og hagvaxtar-aukningar, sem kann að verða á almennum vinnumarkaði en á ekki við að reikna inn í verðlagsbreytingar á bótum almannatrygginga enda eru þær ekki laun fyrir vinnuframlag.

Samkvæmt mati á kjarasamningum eru almennar meðalprósentuhækkanir launa á árinu 2021 áætlaðar 3,6% og er það sú prósentu sem er notuð fyrir bætur almannatrygginga í frumvarpinu.

3. Hvaða hópur er það sem nýtur vaxtabóta að óbreyttum viðmiðunarfjárhæðum á árinu 2021?

Óbreyttar viðmunarfjárhæðir munu leiða til þess að þeir sem fá greiddar vaxtabætur á árinu 2020 verði svipaður hópur og hefur verið undanfarin ár. Grunnfjárhæðir vaxtabóta ráðast af hjúskaparstöðu og bitna skerðingarmörkin meira á hjónum og sambúðarfólki og njóta því einstaklingar í meira mæli góðs af vaxtabótum. Meðalaldur þeirra sem fá vaxtabætur hefur hækkað undanfarin ár og var um 40 ára í fyrra og skiptust upphæðir vaxtabótanna jafnt á milli þeirra sem voru eldri en 48 ára og þeirra sem voru 48 ára eða yngri. Undanfarin ár hafa vaxtabæturnar farið í auknum mæli til þeirra sem eru í efri hluta tekjudreifingarinnar. Þá var kynjaskiptingin árið 2020 þannig að konur voru rétt rúmlega helmingur þeirra sem fengu greiddar vaxtabætur en 60% af bótunum fóru aftur á móti til karla.

4. Hverjar yrðu tekjur ríkissjóðs miðað við 3,2% hækkun en ekki 2,5% hækkun krónutölugjalda?

Fram kemur í frumvarpinu að gert sé ráð fyrir því að 2,5% hækkun krónutölugjalda skili ríkissjóði tæplega 1,8 milljörðum kr. á ári að meðtöldum hliðaráhrifum á virðisaukaskatt. Ef hækkun krónutölugjalda næmi 3,2% væri hins vegar gert ráð fyrir 2,3 milljarða kr. á ári að meðtöldum hliðaráhrifum á virðisaukaskatt eða um 0,5 milljarða kr. hækkun.